

**Nd. 259. Frumvarp**

til laga um refaveiðar og refarækt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**I. KAFLI.**

*Um refaveiðar.*

**1. gr.**

Skýlt er sýslunefndum að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og eftirlit með eyðing refa, eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi liggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga fleiri hreppar afrétt saman eða leitarsvæði, og skal þá upp-  
rekstrarfélagið eða sameiginlegur fjallskilafundur velja einn eða fleiri menn til þess að sjá um framkvæmdir þessara mála.

Heimilt er sýslunefndum að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleitum, er fullvist þykir, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum, enda hafi þar ekki fundizt dýr í tug ára.

3. gr.

Hreppsnefnd eða þeir, er upprekstrarfélag velur eða sameiginlegur fjallskilafundur fleiri hreppa, skulu ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að annast um samkv. 2. gr. Skal hann (þeir) reiðubúinn til grenjavinnslu hvenær sem gren finnst, ásamt með vökumanni, sem ráðinn er af sömu aðiljum og skotmaður tekur gildan.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 3. gr., að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggja svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

5. gr.

Þegar gren finnst, hvort heldur er í grenjaleit eða ekki, skal það aldrei yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það fyrr en skotmaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó finni. En skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara skotmann tafarlaust. Skal sá, er þannig varðveitir gren, fá vökumannskaup og aukabókun, ef sérstök óþægindi eru.

6. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr.

Nú eru yrðlingar teknir í heimalandi einstakra manna, og skal þá landeigandi og ábúandi fá samanlagt hálfan ágóða af sölu þeirra yrðlinga, er skiptist jafnt á milli þeirra.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upprekstrarfélags eða leitarsvæðis.

Nú er gren unnið að einhverju eða öllu leyti á þann hátt, er segir í niðurlagi 4. greinar, og skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki

má vera undir helmingi þess, sem hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meiri en hann hefði haft.

#### 8. gr.

Kostnað við eyðing refa í heimalöndum og afréttum skal greiða úr sveitarsjóði, eða sveitarsjóðum eða sameiginlegum fjallskilasjóði, ef fleiri hreppar eiga afrétt saman.

Verði ágóði af grenjavinnslu, skal hann, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við ákvæði 6. greinar, renna í sveitarsjóð, sveitarsjóði eða fjallskila, eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

#### 9. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem valdir hafa verið til þess að sjá um refaeyðing samkvæmt ákvæðum annarar málsgreinar 2. gr., skulu fyrir gangnaniðurfjöfnunarfund ár hvert, eða fjallskilafund þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman eða leitarsvæði, leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðing í afréttar- eða heimalöndum þeirra.

#### 10. gr.

Nú vinnast hlaupadýr á öðrum tíma en grenjaleit fer fram, og á þá skotmaður 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann sannar, að hann hafi unnið. Greiðist gjaldið úr hlutadeigandi sýslusjóði.

#### 11. gr.

Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn sveitarstjórna. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

#### 12. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt græn og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

#### 13. gr.

Sýslunefndum er heimilt að setja með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar, svo sem um grenjaleitir, grenjavinnslu og kaupgreiðslu til skotmanna og annað, er lýtur að eyðing refa.

## II. KAFLI.

### *Um refarækt.*

#### 14. gr.

Bannað er að geyma refi öðruvisi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörzlu. Nú sleppur refur úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

#### 15. gr.

Öll refaræktarþú skulu háð dýralækniseftirliti.

#### 16. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refagirðinga, geymslu og flutning refa. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa sé svo örugg sem reglugerð ákveður.

#### 17. gr.

Eigi má flytja út refi lifandi, nema þeir séu fallegir og vel aldir og fylgi dýralæknisvottorð hverri útflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og hvort yrðlingar séu eða eldri dýr.

Þessi vottorð skulu staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans. Eigi má flytja út yrðlinga fyrir 20. sept.

#### 18. gr.

Hvert refaræktarþú og annað refaeldi er skyldugt að borga allan kostnað, er eftirlit og annað, er húið varðar, hefir í för með sér, eftir reikningi. Verði ágreiningur um reikning, sker sýslunefnd úr.

#### 19. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er reuna í hlutaðeigandi sýslusjóð þar sem brotið er framið, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

#### 20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallnar reglugerðir þær um grenjavinnslu og refarækt, er sýslunefndir hinna einstöku héraða hafa sett, að því leyti er þær koma í bága við lög þessi eða reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur um refagirðingar.

Svo eru úr gildi numin lög nr. 48, 28. nóv. 1919, að því er snertir eyðing refa, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

#### 21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.